




Ég á nafn



ég á hús



Ég fæ endalaus knús





Ég á bros




Ég á grátur



Ég á dillandi hlátur



Ég á dót




Ég á bíl



Ef ég er veik þá fæ ég stíl



Ég á vin



og systkin




og öll ykkur hin



En það besta sem ég á  
er rödd til að tjá mig



Viltu hlusta á mig ?



Ég er klár



Ég á tár



Ef ég dett og fær sár.



Ég vil læra



Ég vil reikna



Ég vil töfraheim teikna



Ég þarf ást  
Ég þarf hlýju





Ekki mikið af dóti nýju



Ég þarf frið



Ég þarf ró



Fjölskyldan mín

Hún er nóg